

Sp.

360. Tillaga

til þingsályktunar um að landsstjórnin afhendi skrifstofustjóra Alþingis nokkur skjöl til afnota fyrir þingmenn.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að afhenda skrifstofustjóra Alþingis þegar í stað eftirfarandi skjöl og skilríki, svo að þingmenn geti þar átt greiðan aðgang að kynnst efni þeirra:

1. Skjöl og heimildir um rannsókn, er stjórnarráðið ljet framkvæma viðvikjandi kostnaði við að byggja hinn svo nefnda stjórnarráðskvist.
2. Yfirlitsskýrslu Gunnars Egilssonar, er vera skyldi ræðismaður í Genúa, um framkomu þáverandi landsstjórnar viðvikjandi suðurgöngu hans.
3. Skýrslu Jóns Dúasonar til landsstjórnarinnar um launmakk íslenskra borgara við erlend stjórnarvöld. Enn fremur hið erlenda fylgiskjal með þýðingu á skrifaða textanum og dulmálinu. Svo og skýrslu þeirra þriggja alþingismanna, sem falið var að rannsaka málið.
4. Staðfestan frumtexta af samningunum um enska lánið, svo og skýrslu um hve mikið sje var greitt í þóknun til þeirra manna, er voru milliliðir við lántökuna, og hve mikið sje hver þeirra sje. Enn fremur brjef þeirra milliliða við nefnda lántöku, sem telja að þeir hafi verið vanhaldnir í greiðslum fyrir ómak sitt.
5. Skýrslu Vífilsstaðanefndarinnar, dagbók hennar og frumheimildir allar viðvikjandi framburði eldri og yngri sjúklinga, svo og svör læknis og hjúkrunarfólks.
6. Skýrslu hinnar síðustu landsbókasafnsnefndar um ástand safnsins eins og það var þá, með öllum tilheyrandi fylgiskjölum.

Greinargerð.

Sökum annrikis landsstjórnarinnar vinst henni bersýnilega ekki timi til að svara spurningum, er þingið beinir til hennar viðvikjandi merkilegum viðburðum, er snerta stjórn landsins. Stjórninni til hægðarauka er því gert ráð fyrir, að hún feli skrifstofustjóra þingsins til umsjár og útlána skjöl viðvikjandi nokkrum málum, sem þing og þjóð eiga rjett til að fá fulla vitneskju um, hvað sem liður annriki stjórnarinnar. Sum atriðin eru þannig vaxin, að vel getur orðið óhjákvæmilegt fyrir þingið að heimta frekari rannsókn, og er því nauðsynlegt, að þingmenn geti kynt sjer frumheimildirnar sem fyrst, áður en ákvörðun þarf að taka. Um fyrsta liðinn er ástæða til að halda, að landið gæti fengið einhverja uppbót á hinum mikla byggingarkostnaði, ef málinu yrði lengur haldið áfram. Sá orðrómur gengur, að hr. Gunnar Egilson hafi mjög merkilega sögu að segja af suðurgöngu sinni. Ferðin var því sem nær eða alveg árangurslaus, en kostaði landið tugi þúsunda og olli vafningum við sambandsþjóðina. Þar sem ferðin á að vera gerð fyrir íslensku þjóðina og áreiðanlega er framkvæmd á hennar kostnað, er sanngjarn, að almenningur fái að vita alla málavöxtu. Guðbrandur Jónsson, sem mest var hafður fyrir sökum í hinni margumtöluðu skýrslu Jóns Dúasonar, hefir fastlega leitað á fyrverandi landsstjórn að láta rannsaka málið, en það hefir ekki verið gert. Engin þjóð, sem hefir nokkra sómatilfinningu, skilur við slík mál litt eða ekki rannsókuð, svo að orkað geti tvímælis um niðurstöðu. Verður þingið þess vegna að hafa aðgang að skjölunum, þannig að hinn erlendi texti sje þýddur, vegna þeirra, sem þess þurfa, og dulrúnirnar leystar upp. Samningurinn um enska lánið er eitt hið þýðingarmesta skjal viðkomandi sögu landsins, þar sem það fjallar um hið stærsta lán, sem landið hefir tekið og með hinum erfiðustu kjörum. Þar að auki orkar tvímælis, hvort tolltekjurnar sjeu veðsettar eða eigi. Þar sem mjög miklar upphæðir virðast hafa farið til milliliða, er hjálpuðu til við lántökuna, er ástæða til að vita um launakjör þeirra hvers um sig, og ennfremur það, hvort einn þeirra, hr. Páll Torfason, hefir talið sig vanhaldinn af skiftum þessum, svo að um samningsrof sje að ræða.

Í fimta lagi verður þing og þjóð að vita berlega um niðurstöðu Vífilsstaðarannsóknarinnar, og verður þar að fylgjast að skýrsla nefndarinnar og öll þau plögg, sem hún byggir á ályktanir sínar. Þar sem Vífilsstaðahælið er ein hin dýrasta stofnun hjer á landi, sæmir ekki að synja fulltrúum þjóðarinnar um öll gögn, er snerta ástand hælisis, þar sem svo mjög hefir verið að fundið af sumum þeim, er á hælinu hafa dvalið.

Sjötti liðurinn, Landsbókasafnið, er nú, að almannadómi, ekki fyllilega í því ástandi, sem æskilegt væri og ætlast má til. Fyrir nokkrum árum sagði bókasafnsnefndin af sjer og gaf rækilega skýrslu til stjórnarinnar um safnið. Í nefndinni munu hafa átt sæti þrir mjög nafnkendir menn af þáverandi kennaraliði háskólans, þeir Lárus H. Bjarnason, Haraldur Nielsson og Guðm. Hannesson. Þáverandi landsstjórn mun hafa skelt skolleyrunum við öllum

bendingum nefndarinnar, er sagði því af sjer litlu síðar. Síðan hefir engin nefnd verið skipuð og allmjög látið reka á reiðanum með safnið. En þar sem Landsbókasafnið er ein hin dýrmætasta eign þjóðarinnar, má gera ráð fyrir því, að þingið verði fyr eða síðar að taka í taumana. En fyrsta plaggið, sem þar er hægt á að byggja, er einmitt skýrsla hinnar burtviknu nefndar.